

Breytingartillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Skóla- og frístundaráð samþykkir að framlengja skilafrest starfshóps um framtíðarskipan grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Hópnum var samkvæmt tillögu sem samþykkt var í skóla- og frístundaráði 12. mars síðastliðinn ætlað að skila niðurstöðum til sviðsstjóra eigi síðar en 29. apríl 2019. Starfshópurinn hefur óskað eftir rýmri tíma til að ljúka sinni vinnu og er lagt til að skilafresturinn verði framlengdur til 20. maí 2019.